



Stjórn SSH 394. fundur

Mánudaginn 21. október 2013 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Gunnar Einarsson, Dagur B. Eggertsson, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Ásgerður Halldórsdóttir og Haraldur Sverrisson.

Forföll: Guðný Ívarsdóttir

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Málafni SORPU bs. – mótun eigendasamkomulags.

Fyrir fundinum lág tillaga að eigendasamkomulagi aðildarsveitarfélaga SORPU bs. vegna starfsemi byggðasamlagsins í Álfsnesi og aðgerða til mótunar framtíðarlausna við meðhöndlun og förgun úrgangs, m.a. með mögulega aukna samstarfi við önnur sorpsamlög á suðvesturhorninu.

Umræður.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti að leggja til við aðildarsveitarfélögin að fyrirbyggjandi tillaga að eigendasamkomulagi verði staðfest, og að stefna á að undirritun samkomulagsins verði á aðalfundi SSH 25. október nk.

2. Vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins

- Tillaga Vatnaskila að áhættumati vegna umferðar innan vatnsverndarsvæða hb.svæðisins.
- Myndun samráðsvettvangs vegna vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins.

Fyrir lá listi yfir mögulega hagsmunaaðila sem hafa þarf samráð við vegna framkvæmdar vatnsverndar.

Umræður.

Framkvæmdastjóri upplýsti að niðurstöður úr núverandi verkefni Vatnaskila v. rennslismælinga og tillaga um endurskoðaða afmörkun og skilgreiningu verndarsvæða sé að vænta í lok mánaðarins.

Niðurstaða.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að undirbúa fund með hagsmunaaðilum þegar niðurstöður Vatnaskila liggja fyrir. Í framhaldi af þeim fundi verði tillaga að samráðsvettvangi mótuð.

3. Erindi Strætó bs. v. fjárhagsáætlunar 2014

Frestun frá síðasta fundi

Fyrir lá endanleg fjárhagsáætlun Strætó bs. fyrir árið 2014, ásamt erindi þar sem óskað er eftir hækkun á eignaframlagi um 30 m. króna vegna aukningar á akstri á sunnudögum.

Upplýst var um stöðu fjárveitingar til eflingar almenningsgangna í fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi, skv. því lækkar framlag til verkefnisins um ca 80 m. króna m.v. greiðslur á þessu ári.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH telur nauðsynlegt að beðið verði með frekari umfjöllun um fjárhagsáætlun og erindi Strætó bs. þar til fyrir liggur hver verður endanleg tala í fjárlögum 2014 vegna framlags ríkisins til eflingar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

4. Fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2014

Fyrir lá tillaga framkvæmdastjóra að fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2014, ásamt greinargerð. Fjárhagsáætlunin byggir m.a. á óbreyttum framlögum aðildarsveitarfélaganna milli ára.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti tillögu framkvæmdastjóra að fjárhagsáætlun 2014, og samþykkti enn fremur að leggja til við aðalfund SSH að árgjald sveitarfélaganna 2014 verði 30 kr. á íbúa.

5. Aðalfundur SSH 2013 - undirbúningur

Farið var yfir undirbúning aðalfundar SSH 2014 og fyrirbyggjandi drög að dagskrá fundarins

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá endanlegri dagskrá og senda þeim aðilum sem boðaðir eru til fundarins.

6. Önnur mál.

a) Úthlutun jöfnunarsjóðs á verkefnafé v. vinnu við gerð sóknaráætlunar 2013.

Fyrir lágu upplýsingar um úthlutun jöfnunarsjóðs á 25 m. kr. framlagi og skiptingu þeirra fjármuna á milli landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Stjórn SSH lýsir furðu sinni og gerir alvarlegar athugasemdir við þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar við skiptingu þessara fjármuna og krefst þess að úthlutunin verði endurskoðuð og þá byggð á forsendum sem taka betur mið af raunverulegum kostnaði og vinnu landshlutasamtakanna en gert var í þetta sinn.

b) Löggæslumál á höfuðborgarsvæðinu – vísun frá borgarráði.

Óskað er eftir umsögn stjórnar SSH um tillögu að mótun sérstaks samráðsvettvangs milli lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborgar.

Stjórn SSH telur að núverandi fyrirkomulag á samskiptum sveitarfélaganna og lögreglunnar á hb.svæðinu hafi reynst vel og sér ekki ástæðu til breytinga þar á.

c) Starfsmannamál

Formaður upplýsti að fyrir lægi að ræða endurskoðun á ráðningarsamningi framkvæmdastjóra í samræmi við ákvæði þar um í samningnum.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:10